

ÁLYKTUN ASÍ-UNG – 11. ÞING

Inngangur að ályktunum

11. þing ASÍ-UNG var haldið á Hótel Nordica 17. október 2025. Þingið stóð frá kl. 12:30 og var slitið kl. 17:20. Á þinginu sátu 23 fulltrúar frá 15 félögum innan ASÍ.

Á þinginu var unnið öflugt málefnaverk þar sem málefni voru valin út frá stefnumótunarstarfi stjórnar. Niðurstaða þingsins voru fjórar ályktanir, sem marka stefnu nýrrar stjórnar.

Við í ASÍ-UNG stöndum saman fyrir nýrri framtíð vinnumarkaðarins þar sem jafnvægi, öryggi og réttlæti eru ekki forréttindi heldur sjálfsögð gildi. Þingið endurspeglar kröfu ungs fólks um að fá að lifa, læra og starfa við mannsæmandi aðstæður. Við höfum ekki í hyggju að bíða eftir breytingum, heldur ætlum við að knýja þær fram.

1. Ályktun vegna málefna barnafjölskyldna

11. þing ASÍ-UNG lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun leikskólamála og þeim samfélagslegu áhrifum sem svokallað „Kópavogsmódel“ hefur afhjúpað. Þegar samfélagið allt talar um mikilvægi fjölskyldulífs og jafnréttis á vinnumarkaði er stingandi að horfa á ákvarðanir teknar sem í raun grafa undan stöðu foreldra, og þá sérstaklega kvenna.

Álagið á foreldra fer vaxandi. Leikskóladagurinn stýttist, samhliða því að vinnudagurinn helst óbreyttur. Niðurstaðan er sú að einkalíf og vinna skarast með auknu álagi, samviskubiti og verri lífsgæðum fyrir foreldra og börn. Kerfið leggur meiri byrðar á konur, sem eru líklegri til að taka á sig tekjumissi eða færa sig í hlutastarf til að halda fjölskyldulífinu gangandi. Feður missa jafnframt af tíma með börnum sínum vegna þess að launamunur og kerfislegar hindranir gera þeim ókleyft að draga úr vinnu. Þetta er öfug þróun í jafnréttismálum.

Þetta fyrirkomulag bitnar harðast á lægra launuðu fólki og foreldrum í vaktavinnu, þeim sem ekki hafa sveigjanleika í starfi eða félagslegt bakland til að brúa bilið. Fyrir þessa hópa getur leikskólamódel sem takmarkar vistunartíma jafnvel leitt til félagslegrar einangrunar, minni atvinnuþátttöku og enn verri fjárhagsstöðu en áður.

Á sama tíma og samfélagið stendur frammi fyrir lækkandi fæðingartíðni, er verið að gera það dýrara og erfiðara að eignast og ala upp börn. Kröfur til foreldra eru miklar, bæði í vinnu og einkalífi, á meðan að stuðningur hins opinbera við foreldra er í mýflugumynd. Tekjuskerðing í fæðingarorlofi, há gjöld, kröfur til og vegna tómstundaiðkunar barna og ósveigjanleiki í leikskólakerfinu gera að verkum að foreldrar, einkum mæður, fresta barneignum eða ákveða að eignast færri börn. Ný skýrsla Vörðu um stöðu launafólks á Íslandi dregur fram sláandi niðurstöður um hve margir foreldrar upplifa fjárskort sem kemur í veg fyrir að þeir geti staðið straum af grunnþörfum barna sinna. Það undirstrikar að áhyggjurnar eru bæði raunverulegar og brýnar.

Ef vilji er til að snúa þessari þróun við, verður að horfa á málið heildstætt.

ASÍ-UNG leggur áherslu á eftirfarandi:

- **Vinnutímastyttingu á almennum markaði** til að jafna leikinn við opinbera geirann og skapa raunhæft svigrúm fyrir foreldra.
- **Aukin sveigjanleik í leikskólakerfinu**, þannig að foreldrar geti raðað leikskólatíma í samræmi við raunverulegan vinnutíma og fjölskylduaðstæður.
- **Jöfnun á leikskólagjöldum** sem miðar að því að hærri gjöld bitni ekki á efnaminni foreldrum eða þeim sem eru rétt yfir lágmarkslaunum.
- **Endurskoðun á fjárhagslegum stuðningi við foreldra** sem kjósa að vera lengur heima með börnum sínum, með greiðslum sem endurspegla raunverulegan kostnað við leikskólapláss og tryggja áframhaldandi lífeyrisréttindi heimavinnandi foreldra.
- **Breytingar á fæðingarorlofi** sem miða að lenging fæðingarorlofs og að foreldrar fái að stjórna deilingu orlofs sín á milli, að tekjur í fæðingarorlofi séu ekki skertar, og að foreldrar fái að eyða fyrstu þrem mánuðum með barni saman í orlofi.

- **Að betri starfskjör séu ekki keypt með skerðingu á öðrum kjörum.** Kaffitímar og matartímar eru mikilvægur partur af vinnudeginum. Það er mikilvægt fyrir bættari starfskjör og meiri starfsánægju að starfsfólk fái tíma og tækifæri til þess að mynda tengsl og taka hlé frá starfinu sínu. Þau réttindi eru ekki bætt upp með styttri vinnuviku eða hærri launum.
- **Styðja þarf við foreldra í námi** með sveigjanleika og fjárhagslegum úrræðum, svo barneignir verði raunhæfur kostur fyrir ungt fólk.

Þing ASÍ-UNG telur að þær áherslur sem taldar hafa verið upp spili stórann þátt í lækkandi fæðingatíðni samfélagsins og setur fram kröfun um samfélag þar sem báðir foreldrar fá raunveruleg tækifæri til að verja tíma með börnum sínum — án þess að það leiði til óþarfa tekjutaps, aukins álags eða ójafnréttis.

Kópavogsmódelið og aðrar sambærilegarkerfisbreytingar eru ekki lausn heldur eru þau eru einkenni á stærra vandamáli: vinnumarkaði sem hefur ekki aðlagast raunverulegum þörfum nútíma foreldra.

Tími er kominn til að hanna kerfið út frá nútímasamfélagi, þar sem fjölskyldulíf, jöfnuður og mannsæmandi vinnutími eru raunveruleg markmið, ekki aðeins orðin tóm.

Reykjavík, 17. október 2025

2. Ályktun um húsnæðismál

11. þing ASÍ-UNG lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu húsnæðismála ungs fólks hér á landi.

Andvaraleysi stjórnvalda hér á landi undanfarna áratugi og blind markaðshyggja hafa leitt til alvarlegrar húsnæðiskreppu sem bitnar harðast á ungu fólki. Nú er svo komið að

nær ómögulegt er fyrir ungt fólk að eignast sitt eigið húsnæði og festist það því á óöruggum leigumarkaði sem einkennist af háu leiguverði og öryggisleysi. Að hafa þak yfir höfuðið eru mannréttindi.

Þing ASÍ-UNG ályktar að nú sé nóg komið og krefst þess að stjórnvöld grípi þá þegar til eftirfarandi neyðaraðgerða:

Leigumarkaðurinn

- Húsnæðisliðurinn verði fjarlægður úr vísitölu neysluverð.
- Setja skýran lagaramma um leigumarkaðinn. Fara fram á greiningu á kostum og göllum leigupaks. Setja svo lagarammann út frá niðurstöðu þeirra greiningar. Tryggja meiri fyrirsjáanleika í leiguverði.
- Greiðslumat er gagnrýnisvert. Endurskoða þarf útreikningana og hafa meiri sveigjanleika. Sem dæmi skal taka mið af sögu af leigumarkaði inn í greiðslumatið.

Aðgengi að fasteignarmarkaði/hentugu húsnæði

- Byggja skal ódýrara húsnæði og bjóða upp á fjölbreyttari húsakost. Til dæmi byggja fleiri einstaklingsíbúðir og íbúðir fyrir fyrstu kaupendur.
- Gefa skal kost á fjölbreyttari leiðum til að komast inn á húsnæðismarkaðinn, sem leiðir síðan að eignamyndun.

Húsnæðisstuðningur

- Tryggja skal að ráðstöfun séreignarsparnaðar til útborgunar á fyrstu eign eða innborgun á höfuðstól sé tryggt til frambúðar.

Reykjavík, 17. október 2025

3. Ályktun um samgöngumál

11. þing ASÍ-UNG leggur áherslu á að forgangsörðun samgöngumannvirkja byggist á raunverulegri þörf samfélagsins. Uppbygging almenningssamgangna í þéttbýli þarf að fylgja eftir svo fólk hafi raunhæfan kost á að draga úr notkun einkabíls, í stað þess að þröngvað sé til þess með gjaldtöku og skertu aðgengi. Skoða ætti samgöngustyrki til að styðja við vistvæna ferðamáta.

ASÍ-UNG hafnar því að kílómetragjald verði lagt á með þeim hætti sem nú er lagt upp með, þar sem það bitnar mest á tekjulægstu hópum og íbúum landsbyggðarinnar. Þörf er á sanngjarnara og gagnsærra kerfi. Kílómetragjaldið má ekki verða nýr landsbyggðarskattur.

Einnig þarf að skoða aukna gjaldtöku af ferðamennsku, meðal annars skemmtiferðaskipum, og tryggja að innviðir hafna og raforku séu til staðar til að nýta þann tekjustofn.

ASÍ Ung áréttar að aðgengi að heilbrigðisþjónustu og annarri grunnþjónustu verði tryggt óháð búsetu.

Reykjavík, 17. október 2025

4. Ályktun um kjarabrot

11. þing ASÍ-UNG fordæmir öll kjarabrot og misneytingu á íslenskum vinnumarkaði sem virðast alltof algeng.

Reglulega berast fréttir af alvarlegum kjarabrotum, launþjófnaði og misneytingarmálum á íslenskum vinnumarkaði. Það er óásættanlegt að auðugt land eins og Ísland sem vill skilgreina sig sem velferðarríki láti slíkt viðgangast án þess að fast sé stigið niður fæti. Brotin beinast oftast en ekki að ungu fólki og útlendingum. Allir á íslenskum vinnumarkaði eiga að njóta þeirra kjara og réttinda sem barátta

verkalýðshreyfingarinnar hefur skilað í gegnum tíðina. Þing ASÍ-UNG kallar eftir aðgerðum og ábyrgð allra hlutaðeigandi og krefst þess að tafarlaust verði gripið til eftirfarandi aðgerða:

Menntun og fagmennska

- Aukin lögverndun starfsheita.
 - Styrkja skólakerfið fyrir iðngreinar.
 - Raunfærnimat endurmeta og styrkja.
-

Eftirlit og ábyrgð

- Meiri viðurlög við brotum.
 - Styrkja starf stéttarfélaga með viðurlögum.
 - Auknar heimildir til að fara inn á staði.
 - Aukið eftirlit og samstarf við eftirlitsstofanir.
 - Aukið eftirlit með starfsmannaleigum og útsendum starfsmönnum.
 - Krafa um regluverk vegna undirverktaka.
 - Útvíkka og styrkja keðjuábyrgð.
-

Stéttarfélög og trúnaðarmenn

- Upphefja starf trúnaðarmanna sem mikilvægasta hlekk stéttarfélaga og atvinnulífs.
 - Taka fræðslu trúnaðarmanna til gagngera endurskoðunar.
-

Fræðsla og samskipti

- Senda ákvæði á stéttarfélög að vera sýnilegri og vera með fræðslu.
- Fræðsla á jafningja grundvelli.
- Stéttarfélög þurfa að beita nýjum leiðum í samskiptum við félagsmenn á jákvæðum nótum (eitthvað skemmtilegt).

Reykjavík, 17. október 2025